

Fundargerð stjórnarfundar 14. júní 2017 kl 15.00. Fundurinn haldinn með aðstoð síma og á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Ísafirði.

Mætt voru Andrea Jónsdóttir, formaður (í síma), Guðrún Stella Gissurardóttir, Inga María Guðmundsdóttir, Magnús Jónsson (í síma), Matthildur Helga og Jónudóttir (í síma) og Óðinn Gestsson (í síma).

Formaður kynnti að Anna Lóa Guðmundsdóttir væri forfölluð og í hennar stað sæti fundinn Guðrún Stella Gissurardóttir. Einnig væri Einar Sveinn Ólafsson forfallaður og ætlun hefði verið að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sæti fundinn í hans stað en hún hefði forfallast rétt fyrir fundinn.

Gengið til boðaðar dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 10. apríl 2017
2. Ársreikningur Atvest 2016
3. Tillaga um boðun aðalfundar Atvest
4. Önnur mál

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar 10. apríl 2017
Fundargerð lögð fram til staðfestingar. Engar athugasemdir komu fram og fundargerð samþykkt.
2. Ársreikningur Atvest 2016
Mættur til fundar Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi félagsins (í síma). Guðmundur fór yfir helstu niðurstöðutölur árreiknings. Heildartekjur félagsins námu 82.183 þkr, þar af framlög 75.901 þkr. Rekstrargjöld námu 73.680 þkr. þar af eru laun og launatengd gjöld 37.490 þkr. Rekstrarafkoma er jákvæð um 8.503 þ.kr., en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda er hún jákvæð um 7.582 þ.kr. Heildareignir námu samkvæmt efnahagsreikningi 23.546 þ.kr. í árslok 2016, en skuldir og skuldbindingar rúmum 8.045 þ.kr. Eigið fé nemur því 15.500 þkr.

Spurst fyrir um stöðu viðskiptakrafna 14.000 þkr. Skýring eru að hér eru, kröfur á Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar Vestfjarða og sérverkefnis Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Spurst fyrir um sértekjur félagsins, 26.293 þkr. Skiptast til helminga vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar Vestfjarða og tekjur vegna verkefnavinnu.

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um verkefnakostnað á árinu 2016 sem færður er sem laun á verkefni og fjárhagsgreiningu á einstök verkefni.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja ársreikning 2016 og skýrslu stjórnar. *Skýrsla stjórnar og ársreikningur samþykktur samhljóða.*

3. Tillaga um boðun aðalfundar Atvest

Formaður lagði fram tillögu um boðun aðalfundar félagsins, þann 22. júní n.k. kl 13.00, fundurinn yrði haldinn á Ísafirði og eftir fundinn færi fram kynning á stefnumörkun á Vestfjarðastofu. Rætt um tillögu formanns og óskað eftir að kynning á Vestfjarðastofu yrði á undan aðalfundi og fundinum yrði flýtt til kl 12.00. Formaður gerði nýja tillögu.

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf verður haldinn á Hótel Ísafirði, Ísafirði og hefst kl 13.30. Félagið bjóði til einnig til opins fundar um stefnumörkun Vestfjarðastofu kl 12.00 og verði boðið upp á léttan hádegisverð í upphafi fundarins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti að hann hefði fengið samþykki Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis um framlengingu samnings, um stuðning við eflingu orkuframleiðslu og stuðningi við uppbyggingu orkukræfs iðnaðar á Vestfjörðum. Samningur átti að renna út 30. júní n.k. en er framlengdur til loka júní 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.15

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri